

24. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 14. desember 2020 í Huppusalnum í Félagsheimili Hrunamanna og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum, Elsa Ingjaldsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð.

Gengið til dagskrár:

1. Útboð á lagnaefni fyrir Hitaveitu Flúða .

Lögð voru fram drög að útboðsgögnum frá EFLU vegna kaupa á lagnaefni fyrir Hitaveitu Flúða vegna lagningar á hitaveitu frá Kópsvatnsholu að Flúðum. Veitustjórn felur EFLU að sjá um útboð á hitaveituefni fyrir Hitaveitu Flúða á grundvelli framlagðra gagna.

2. Erindi frá Flúðaorku/Varmaorku.

Lagt var fram einni frá Flúðaorku/Varmaorku um áframhaldandi samstarf og þróun raforkuframleiðslu á Kópsvatni. Veitustjórn tekur jákvætt í erindið og óskar eftir því að fá forsvarsmenn félagsins á veitustjórnarfund.

3. Sameiginleg vatnsveita Uppsveita.

Lagt var fram minnisblað frá Verkís um frumathugun á stofnlögn frá Fljótsbotnum í Bláskógabyggð og kostnaðaráætlun henni tengd. Um er að ræða uppfærða kostnaðaráætlun sem um unnin var að stofni til 2005. Veitustjórn samþykkir að taka þátt í áframhaldandi hönnun á verkefninu og útfærslum á því.

4. Starfslýsing og ráðningarsamningur.

Lögð var fram starfslýsing og ráðningarsamningur fyrir veitustjóra og forstöðumann áhaldahúss. Hannibal situr ekki fundinn undir þessum lið. Veitustjórn fór yfir starfsýsinguna og ráðningarsamning og felur sveitarstjóra að undirrita starfslýsingu og ráðningarsamning með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 17:25.